



28. febrúar 2012

Umhverfis- og samgöngunefnd
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

EFNI: Umsögn við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, með síðari breytingum (mengunarvarnarráð hafna og bráðamengun) – 375. mál.

Umsögn stjórnar Landverndar um frumvarpið fer hér á eftir:

1. Það er til bóta að setja inn nýja grein í lögin, sbr. 4. gr. frumvarpsins, um tilkynningaskyldu varðandi bráðamengun.
2. Þegar kemur að bráðamengun í höfnum er hlutverk mismunandi aðila (Umhverfisstofnunar, hafnarstjóra, heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa) ljóst. Í frumvarpinu er Umhverfisstofnun gert að annast viðeigandi ráðstafanir utan hafnarsvæða samkvæmt viðbragðsáætlun (sjá 5. gr. frumvarps). UST getur farið fram á að heilbrigðisnefnd kanni aðstæður og sjái um aðgerðir. Það er hins vegar ekki fyllilega ljóst þegar kemur að olíuslysum á úthöfum hvaða aðila UST getur kallað til, þ.e.a.s. hver þeirra eigi að sinna viðkomandi hafssvæði. Þetta þyrfti að skýra betur í lögnum eða í reglugerð.
3. Að mati Landverndar er mikilvægt að huga að lögum og reglum er varða olíuleit og olíuvinnslu. Núgildandi lög og frumvarp til breytinga á þeim tekur ekki vel á olíuleit og olíuvinnslu á hafi úti, hvorki hvað varðar möguleg slys né úrgangsefni (sjá m.a. viðauka I í núverandi lögum). Nærtækt dæmi er Drekasvæðið og mikilvægt er að hafa skýran lagaramma áður en byrjað verður að leita á svæðinu og nýta það, verði yfirhöfuð farið út í slíkt, sem vissulega má setja stórt spurningarmerki við. Hægt er að fara tvær leiðir, annaðhvort að lög og reglur er lúta að olíuleit og olíuvinnslu heyri undir lög um varnir gegn mengun hafs og stranda eða að sett verði sérlög/reglugerð er lúta að þessum þáttum. Hér verður bent á nokkur atriði sem hafa þarf í huga í þessu sambandi, en ekki er um tæmandi lista að ræða:
 - a. Ekki verður séð á núgildandi lögum að bannað sé að setja jarðefni úr olíuleit á sjávarbotn, en mengunarhætta getur fylgt slíku. Þess skal geta að mikið getur verið um PAH sambönd í olíunni, en þau eru fjölhringa arómatísk kolvetni sem byggja á samtengdum bensenhringjum og eru hættuleg lífverum, sum eitruð og önnur geta verið krabbameinsvaldandi.

- b. Ákvæði um hlutdeild olíu í vatni sem leyfilegt er að dæla út eru samkvæmt gildandi lögum 15 af 1.000.000. Þetta atriði mætti skoða nánar, bæði út frá hlutfallinu en einnig út frá samsetningu olíunnar sem þannig er dælt út. Olía er hér ekki frekar skilgreind, en t.d. hráolía og notuð olía geta innihaldið mikið af PAH samböndum.
 - c. Skýrt þarf að vera kveðið á um eftirlit með olíusamböndum sem koma frá borpöllum (krónísk mengun).
 - d. Mengunarvarnarbúnaður, s.s. girðingar ef slys verða, þarf að vera skilgreindur svo og hver á að útvega slíkt (olíuborunarfyrtæki eða Landhelgisgæslan).
 - e. Skilgreina þarf viðmið til að nota til að meta hvort hættu sé afstýrt af stórum olíuflekkjum á úthafinu?
 - f. Skilgreina þarf möguleika og leiðir stjórnvalda til að grípa inn í þegar stórslys verða, og hvaða aðilar bera þar ábyrgð (Landhelgisgæslan, Umhverfisstofnun o.s.frv.?)
 - g. Auk þessa þarf nauðsynlega að vera til viðbragðsáætlanir og/eða aðgerðaráætlanir vegna mengunar sem komið getur til vegna olíuleitar og olíuvinnslu, þvingunarúrræði og refsiviðurlög.
4. Landvernd gerir athugasemd við það að hvergi skuli vera nefnd viðmið fyrir mismunandi mengunarefni eða gert ráð fyrir að slík viðmið séu sett í reglugerð. Fordæmi fyrir slíku eru vel þekkt, t.d. fyrir loftmengun.

Fyrir hönd Landverndar,

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Framkvæmdastjóri Landverndar.